



UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

NEYÐARÁÆTLUN

Sendiráð Íslands í Beijing
Vorið 2008

I. HLUTVERK SENDIRÁÐSINS.....	3
II. ALMENNAR LEIÐBEININGAR	3
III. FORVARNIR OG VIÐBRÖÐ.....	4
HEIMSFARALDRAR OG FUGLAFLENSA	5
ELDINGAR	6
ÓSTÖÐUGT STJÓRN MÁLAÁSTAND	6
FÁRVIÐRI	6
JARÐSKJÁLFTAR.....	7
III. BROTTFLUTNINGUR	9

Við gerð neyðaráætlunarinnar var stuðst að miklu leyti við aðgengilegar upplýsingar frá Almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra og frekari upplýsingar er hægt að nálgast á www.almannavarnir.is

I. HLUTVERK SENDIRÁÐSINS

Helsta hlutverk sendiráðsins er að hafa yfirsýn yfir aðstæður þar sem neyðarástand hefur skapast. Markmiðið er að tryggja öryggi íslenskra ríkisborgara og lögð er áhersla á að bregðast hratt og örugglega við. Sendiráðið mun vinna að því að tengja aðstoðarúrræði sem eru til staðar í viðkomandi dvalarlandi og íslenska ríkisborgara.

Hlutverk sendiráðsins er eftirfarandi:

- Upplýsa íslenska ríkisborgara um hættu á viðkomandi svæði, hvernig eigi að varast þær og bregðast við þeim.
- Afla upplýsinga um íslenska ríkisborgara sem eru á hættusvæði.
- Öflun upplýsinga, vöktun og greining á aðstæðum.
- Veita upplýsingar um aðstæður og framvindu mála.
- Vera í sambandi við viðeigandi stjórnvöld, bæði á viðkomandi svæði og á Íslandi.
- Hafa umsjón með að viðbragðs- og brottflutningaráætlunum sé framfylgt í samvinnu við norrænu sendiráðin.

Í neyðartilvikum mun sendiráðið setja eftirfarandi upplýsingar á heimasíðu sendiráðsins:

- Hvar atvikið átti sér stað og umfang hættunnar.
- Leiðbeiningar til þeirra sem búa á hættusvæðinu
- Hvert nánustu aðstandendur eiga að snúa sér til að fá upplýsingar.
- Aðrar nauðsynlegar upplýsingar.

Hlutverk sendiráðsins er að afla og veita upplýsinga og hafa yfirsýn ef um neyðartilfelli er að ræða. Sendiráðið myndar tengsl á milli stjórnvalda dvalarlands og íslenskra stjórnvalda. Íslenska sendiráðið hefur ekki yfir að ráða sérstökum úrræðum íslenskum ríkisborgurum til handa s.s sjúkraflutningum eða lyfjabirgðum.

II. ALMENNAR LEIÐBEININGAR

Gagnlegt er að sendiráðið hafi yfirsýn yfir íslenska ríkisborgara búsetta í umdæmislöndum sendiráðsins svo hægt sé að hafa samband við viðkomandi ef hættuástand skapast. Þessar upplýsingar eru alfarið háðar upplýsingagjöf einstaklinga til sendiráðsins. Mikilvægt er að skrá alla fjölskylduna í Íslendingaskrá sendiráðsins. Í neyðartilfellum er forgangsríði að aðstoða íslenska ríkisborgara á hættusvæði. Þá er nauðsynlegt að halda símalínunum sendiráðsins opnum.

Símanúmer sendiráðsins eru:

+ 86 10 6590 7795
+ 86 10 6590 7796

Sérstök neyðarnúmer verða gerð aðgengileg á heimasíðu sendiráðsins ef þörf þykir.

Í neyðartilfelli gefið upp eftirfarandi upplýsingar

- 1. HVER**
 - a. Nafn, kennitala og nafn annarra Íslendinga sem eru viðstaddir.
- 2. HVAR**
 - a. Nákvæm staðsetning.
- 3. HVAÐ**
 - a. Ástand og heilsa viðstaddra.
- 4. HVERNIG**
 - a. Símanúmer og netfang svo hægt sé að hafa samband.

Vinsamleg tilmæli til einstaklinga

- Skráðu þig og og fjölskyldu þína í Íslendingaskrá sendiráðsins.
- Taktu ábyrgð á eigin viðbúnaði.
- Mundu að eigið heimili er yfirleitt öruggasta skjólið.
- Í neyðartilfellum látið vita af ykkur bæði í sendiráðinu og hjá vinum og vandamönnum á Íslandi.
- Ef ekki næst samband við sendiráðið, er hægt að hafa samband við íslenska utanríkisráðuneytið.
- Fylgja ber tilmælum stjórnvalda á hættusvæðinu.
- Fylgjast með fréttum og upplýsingum á heimasíðu sendiráðsins og utanríkisráðuneytisins

Almennar ráðstafanir ef hættuástand skapast - byggt á verklagi Almannavarnadeildar Ríkislögreglustjóra

- Fylgið heimilisáætlun við hættuástand.
- Fjölskyldan haldi hópinn og vinni saman.
- Tilkynnið slys og beiðni um aðstoð til staðaryfirvalda.
- Hafið samband við sendiráðið, kunningja og nánustu aðstandendur.
- Ef þörf er á aðstoð, en sími virkar ekki, hengið þá hvíta veifu út um glugga eða á áberandi stað utanhúss. Þegar hamfarir verða er slík veifa merki um hjálparbeiðni.
- Hlustið eftir tilkynningum og fréttum í fjölmiðlum.
- Kynnið ykkur hvaða fjöldahjálparstöð er til staðar í nánasta nágrenni.
- Upplýsið um nýjan dvalarstað ef heimili er yfirgefið.
- Ekki skal nota síma nema í neyð. Hafa skal símtöl eins stutt og hægt er. **Sparið rafhlöður.**
- Allar nauðsynlegar tilkynningar birtast jafnóðum í fjölmiðlum, á heimasíðu sendiráðsins, www.iceland.org/cn/ og íslenska utanríkisráðuneytisins, www.stjr.utn.is
- Verið viðbúin rýmingu ef ástand er slæmt.

III. FORVARNIR OG VIÐBRÖGÐ

Forvarnir eru mikilvægur þáttur þess að takast á við vá.

Náttúruhamfarir verða yfirleitt án nokkurrar viðvörunar. Til að bregðast sem best við þeim skaða sem náttúruhamfarir geta orsakað er þörf á að huga að viðbrögðum fyrirfram. Í hamförum er eitt það fyrsta sem fólk hefur áhyggjur af, öryggi sinna nánustu. Því er mikilvægt að á hverju heimili sé til heimilisáætlun. Um gerð slíkrar áætlunar má lesa á vef Almannavarnadeildar Ríkislögreglustjóra www.almannavarnir.is

Í neyðarástandi þar sem margir slasast eða verða heimilislausir skal alltaf hafa í huga að bið getur orðið á því að öllum berist hjálp. Því þarf fólk að vera undir það búíð að bjarga sér sjálft, þar til hjálp berst.

Á heimilum og vinnustöðum ætti fólk að ræða saman um hugsanlegar hættur, ræða tryggingamál, skoða útgönguleiðir húsa, læra á öryggisbúnað og kanna staðsetningu hans.

Heppilegt er að koma eftirtöldum búnaði fyrir í „viðlagakassa“ sem geymdur er á vísu stað:

- Sjúkrakassa (sjá nánar um æskilegt innihald sjúkrakassans á vef landlæknis www.landlaeknir.is).
- Vasaljósi.
- Útvarpi með rafhlöðum.
- Bæklingi um skyndihjálp.
- Lista yfir mikilvæg símanúmer (nákominna, þjónustuaðila o.fl.).
- Viðbragðsáætlun fjölskyldunnar /vinnustaðarins
- Afrit af ferðagögnum, vegabréfum og gögn um bólusetningar.

Þar að auki ætti að vera til á heimilinu:

- Geymsluvéanar matvörur s.s hrísgrjón, pasta, kex og niðursuðuvörur.
- Drykkjarvatn í sem mestu magni

HEIMSFARALDRAR OG FUGLAFLENSA

Með nokkurra áratuga millibili hefur hingað til brotist út heimsfaraldur. Við slíkar kringumstæður eru langflestir móttækilegir fyrir smiti og fleiri veikjast en þegar um er að ræða hefðbundin influensuveikindi.

Ef heimsfaraldur brýst út þá eykst álag á heilsugæslu og sjúkrahús um allan heim. Þá gæti einnig verið um að ræða skort á rafmagni, matvöru, vatni og almenningsamgöngur gætu legið niðri að mestu leyti. Einnig er líklegt að um yrði að ræða ferðatakmarkanir.

Hér er stuðst við gögn frá WHO, www.who.int/en og upplýsingum á heimasíðum annarra norrænna sendiráða.

I. Viðbrögð við heimsfaraldri

- Til að fyrirbyggja smit skal forðast mannamót og stóra hópa fólks.
- Gæta skal sérlega hreinlæti, sérstaklega handarþvotti.
- Einungis viðurkenndar andlitsgrímur geta dregið úr smithættu.
- Reyna að tryggja nægar birgðir af vatni og matvælum.
- Leitið tímanlega til heilbrigðisyfirvalda varðandi lyf og annarra forvarna (Tamiflu og Relenza).
- Ef óskað er eftir að ferðast til annarra landa s.s. Íslands á meðan á heimsfaraldri stendur skal kanna ferðatakmarkanir frá dvalarlandi, í því landi sem millilent er eða til Íslands áður en land er lagt undir fót.
- Brýnt er að fylgja tilmælum stjórnvalda dvalarlandsins.
- Fylgjast með á vefsíðu sendiráðsins, www.iceland.org/cn, vefsíðu WHO, www.who.int/en og heimasíðu landlæknisembættisins, www.landlaeknir.is

Fuglaflensa er sjúkdómur í fuglum og berst fyrst og fremst á milli fugla. Líkur á að almenningur smitist af fuglaflensu af villtum fuglum, eða öðrum dýrategundum eins og köttum, eru litlar. Þrátt fyrir það er mælt með ákveðnum varúðarráðstöfunum til að draga enn frekar úr líkum á að fuglaflensusmit berist í menn, sérstaklega ef dvalið er í landi þar sem nýlega hefur greinst H5N1 vírus í fuglum.

I. Forvarnir við fuglaflensu

- Forðast skal snertingu við jafnt tamda og villta fugla. Brýnið þetta sérstaklega fyrir börnum.
- Forðast skal snertingu við dauða eða sjúka fugla.
- Forðast skal heimsóknir á staði þar sem mikið er af fuglum.
- Ekki snerta fleti sem hafa komist í snertingu við hrátt fuglakjöt.
- Gangið úr skugga um að fuglakjöt og egg séu nægilega gegnelduð áður en þess er neytt.
- Þvoið hendurnar vandlega oft á dag með vatni og sápu.
- Fylgið tilmælum frá staðaryfirvöldum og íslenskum stjórnvöldum.
- Ráðfærið ykkur við eigin lækni varðandi birgðir af Tamiflu og/eða Relenza og hvernig best sé að tryggja aðgang að lyfinu ef smit tekur að breiðast.

Ef þú telur þig vera smitaðan/aða af fuglaflensu skal samstundis leita til næstu heilsugæslustöðvar eða sjúkrahúss.

Frekari upplýsingar um heimsfaraldra og fuglaflensu er að finna á vefsetrum WHO, www.who.int/en, Landlæknisembættinu, www.landlaeknir.is og embætti yfirdýralæknis hjá Landbúnaðarstofnun, www.lbs.is

ELDINGAR

II. Viðbrögð vegna eldingahættu	
Innanhúss	<ul style="list-style-type: none">• Eldingum getur slegið niður í rafleiðandi lagnir utanhúss og leitt þær inn í íbúðarhús.• Forðast vatn (Notið ekki sturtu né bað).• Haldið ykkur fjarri útidyrum, gluggum og lagnakerfum.• Notið hvorki síma né heyrnartól.• Takið öll rafmagnstæki s.s. tölvur, rafmagnsverkfæri, ísskáp og sjónvarpstæki úr sambandi frá straumgjafa og loftneti. Notið inniloftnet sé þess kostur.
Utanhúss	<ul style="list-style-type: none">• Forðist vatn, hæðir í landslagi og berangur.• Haldið ykkur fjarri stórum trjám.• Leitið skjóls, ef unnt er, í stærri byggingum eða yfirbyggðu ökutæki úr málmi. Hafið glugga lokaða.• Ef grunur leikur á að eldingu slái niður nærri ykkur og þið náðið ekki að komast í skjól, ættuð þið að:<ul style="list-style-type: none">○ Krjúpið niður á kné, beygið ykkur fram og styðjið höndum á hnén.○ Leggist ekki flöt.

Hægt er að lesa um eldingarvara á heimasíðu Almannavarnardeildar Ríkislögreglustjóra.

ÓSTÖÐUGT STJÓRN MÁLAÁSTAND

Stjórnmálaástand er víða óstöðugt og aðstæður geta farið úr böndunum. Við þær aðstæður þarf fólk að gæta sérlega vel að öryggi sínu.

I. Viðbrögð
<ul style="list-style-type: none">• Haldið ykkur heimavið.• Forðist að ferðast utandyra, sérstaklega eftir myrkur.• Ferðist ekki einsömul.• Hafið alltaf skilríki meðferðis.• Ekki skal ferðast með útbúnað sem gæti virkað ögrandi s.s myndavélar og vídeóupptökuvélar.• Fylgið tilmælum yfirvalda.• Ef ástand er slæmt verið viðbúin brottflutningi.

FÁRVIÐRI

I. Forvarnir og viðhald vegna fárviðris	
Innanhúss	<ul style="list-style-type: none">• Látið rúm ekki standa undir gluggum ef hætta er á ofsaveðri.• Aflýsið ferðalögum og mannamótum og sendið ekki börn í skóla.• Tryggið aðgang að ljósi og hita ef rafmagn skyldi fara.
Utanhúss	<ul style="list-style-type: none">• Gangið úr skugga um að þakplötur séu tryggilega festar, einnig þakrennur, grindverk og þess háttar• Heftið fok lausra muna.• Byrgið glugga eða setjið öryggisfilmu á gler til að koma í veg fyrir skæðadrífu glerbrota ef rúða brotnar.

II. Viðbrögð vegna fárviðris

- Dveljið innandyra á meðan fárviðri geysar og þá hlémegin í íbúðinni
- Fylgist með veðurfréttum og tilkynningum í útvarpi og sjónvarpi.

JARÐSKJÁLFTAR

Jarðskjálftar gera sjaldnast boð á undan sér. Því er nauðsynlegt að gera öryggisráðstafanir fyrirfram og læra rétt viðbrögð.

I. Forvarnir fyrir jarðskjálfta

Húsgögn	<ul style="list-style-type: none">• Festið skápa, hillur og þunga muni við gólf eða vegg.• Hafið hjól sem eru á húsgögnum alltaf í læstri stöðu.
Lausir munir	<ul style="list-style-type: none">• Látið þunga muni ekki vera ofarlega í hillum eða á veggjum nema festa þá tryggilega.
Kynditæki og ofnar	<ul style="list-style-type: none">• Festið kynditæki og ofna. Kynnið ykkur staðsetningu vatnsinntaks og rafmagnstöflu.
Myndir, ljósakrónur	<ul style="list-style-type: none">• Festið myndir og ljósakrónur í lokaðar lykkjur.
Skápahurðir	<ul style="list-style-type: none">• Hafið þungan borðbúnað staðsettan í neðri skápum / skúffum og setjið öryggislæsingar /barnalæsingar á skápahurðir.
Svefnstaðir	<ul style="list-style-type: none">• Fyrirbyggjið að hlutir geti fallið á svefnstaði.
Rúður	<ul style="list-style-type: none">• Byrgið glugga eða setjið öryggisfilmu á rúður. Látið rúm ekki standa undir gluggum ef hættu er á jarðskjálftum.
Útvarp og tilkynningar	<ul style="list-style-type: none">• Hlustið á tilkynningar og fyrirmæli sem gefin eru í fjölmiðlum og fylgist með heimasíðu íslenska sendiráðsins og utanríkisráðuneytisins.

II. Viðbrögð við jarðskjálfta

- Varast hluti sem detta úr hillum og skápum, sérstaklega í eldhúsi.
- Halda sér fjarri ofnum og kynditækjum sem hendast út af festingum.
- Haldið ykkur fjarri stórum rúðum.
- Ekki hlaupa út!
- Við jarðskjálfta geta hlutar úr byggingum brotnað af. Haldið ykkur fjarri þeim stöðum þar sem hættu er á hrynjandi byggingahlutum.

KRJÚPA – SKÝLA – HALDA
er orðaröð sem rétt er að leggja á minnið.

III. Í kjölfar jarðskjálfta skal

- Athuga hvort nokkur hafi slasast og sé svo, tilkynna það til heilsugæslustöðvar eða næsta sjúkrahúss.
- Ef ekki er hægt að ná í hjálp símleiðis, skal auðkenna slyssstað með hvítri veifu sem snýr að aðalgötu.
- Ná í viðlagakassann ef þörf krefur.
- Mikilvægt er að klæðast skóm, líka innandyra, ef brak eða glerbrot eru á gólfum.
- Mikilvægt er að loka fyrir vatnsinntak ef leki er óviðráðanlegur
- Slökkva á aðalrofa í rafmagnstöflu ef húsið er skemmt.
- Ef um gasleka er að ræða þá skal opna alla glugga og slökkva á aðalinntaki.
- Til að tryggja drykkjarvatn skal láta renna vatn í baðkarið og í stór ílát. Þó að vatnsrörin hafi skemmt þá er oft vatn í rörunum.
- Hlustið eftir tilkynningum og fréttum í fjölmiðlum. Farið eftir fyrirmælum yfirvalda.

Ef yfirgefa þarf heimilið

- Notið aldrei lyftur.
- Fara skal rólega út sé það mat þitt að húsið sé óbúðarhæft eftir skjálftann. Mörg slys verða þegar fólk hleypur út í óðagoti.
- Hér þarf einnig að meta hvort leita skal að fjölskyldumeðlimum eða bíða eftir þeim við húsið.
- Ef húsið er yfirgefið, skiljið eftir skilaboð á útidyráðurðinni um hvert var haldið og hvenær, hverjir fóru með og hvernig sé hægt að ná í ykkur.

- Mikilvægt er að klæðast eins vel og kostur er sé húsið yfirgefið. Sjá kaflann um brottflutning.
- Munið að bifreið er oft fyrsta upphitaða skjólið sem völ er á og þar er útvarp
- Meta þarf hvort skilja á bílinn eftir ef yfirgefa þarf svæðið. Yfirfullir eða stiflaðir vegir gera björgunarsveitum erfiðara fyrir auk þess sem margir vegir gætu verið lokaðir eða ónýtir.
- Forðist skemmdar byggingar.
- Aldrei snerta fallnar raflínur.

**Munið að á neyðartímum er síminn öryggistæki og skal einungis notaður í neyð.
Hafið símtöl eins stutt og hægt er og sparið rafhlöður!**

III. BROTTFLUTNINGUR

Ef ákveðið verður að gefa íslenskum ríkisborgurum möguleika á brottflutningi mun sendiráðið reyna eftir bestu getu að hafa samband við alla sem skráðir eru í Kína eða viðkomandi umdæmislandi. Á sama tíma verða birtar upplýsingar á heimsíðu sendiráðsins um ferðamata, tíma og stað þar sem íslenskir ríkisborgarar eiga að safnast saman. Þess vegna er mikilvægt að sem flestir íslenskir ríkisborgarar séu skráðir í Íslendingaskrá og að allar upplýsingar séu réttar.

Ef hættusvæði er yfirgefið t.d. heimili vegna ástands húsakynna, yfirvofandi hættu eða stærra svæði rýmt að ákvörðun staðaryfirvalda eða íslenskra stjórnvalda verður öryggi best tryggt með eftirtöldum aðgerðum:

Ef til brottflutnings kemur:

- Takið með ykkur það sem brýnt er að hafa svo sem lyf og nauðsynjar ungbarna.
- Sjúkragögn.
- Matar og drykkjarvörur fyrir a.m.k. 2 daga.
- Peninga, vegabréf, tryggingapappíra, ferðagögn og upplýsingar um bólusetningu.
- Viðeigandi fatnað.
- Hreinlætisvörur.
- Skiljið eftir skilaboð um hvert haldið hafi verið.

Móttökustaðir í réttri röð í Beijing

1. Sendiráð Íslands	Landmark Tower 1 #802, No.8 Dongsanhuan Bei Lu Beijing 100004 +86 (10) 6590 -7795	北京市朝阳区东三环北路8号， 亮马河大厦办公楼1座802室, 100004 北京 中国. 电话
2. Bústaður sendiherra	No. 55, F Block Kings Garden Villas No. 18 Xiao Yun Lu Chaoyang District 100016 Beijing	北京朝阳区，霄云路18号 京润水上花园F区F55 100016 北京
3. Bústaður sendiráðunauts	420 B, Beijing Riviera No.1 Xiang Jiang Bei Lu, Chaoyang District 100103 Beijing	北京顺义区京顺路香江北路1号 北京香江花园420B 100103 北京

Flutningur er að jafnaði á næsta örugga svæði í nærliggjandi ríkjum. Þeir sem kjósa að dveljast áfram í viðkomandi landi gera slíkt á eigin ábyrgð.

Athygli er vakin á því að i neyðartilfellum og varðandi brottflutning að sendiráð Norðurlandanna starfa saman. Íslenskir ríkisborgarar geta leitað til sendiráða og ræðisskrifstofna Danmerkur, Svíþjóðar, Noregs og Finnlands ef ákvörðun um brottflutning liggur fyrir.

Í Kína er íslenskum ríkisborgurum utan Beijing því bent á að kynna sér samantekt sendiráðsins um staðsetningu norrænna sendiskrifstofna (sjá lista yfir gagnleg símanúmer og gagnlega tengla) en þar er einnig að finna vefslóðir með frekari upplýsingum.

Ákvörðun um brottflutning og skipulag er hjá stjórnvöldum eingöngu.